

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. nóvember 2022
Tilv.: 2205001

Athugasemdir Samkeppniseftirlitsins við drög að breytingu á reglugerð nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar

1. Samkeppniseftirlitið vísar til draga að breytingu á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar, sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur birt á samráðsgátt stjórnvalda.
2. Samkeppniseftirlitið styður þá leið sem kynnt er í reglugerðardrögunum, að notendur eigi milliliðalaus samskipti við sölufyrirtæki þegar komið á viðskiptum, í stað þess að samskiptum notenda sé beint til dreifiveitna. Er þessi tilhögun til þess fallin að skapa bein viðskiptatengsl notenda við sölufyrirtæki, en það er betur til þess fallið að styðja við samkeppni, til hagsbóta fyrir neytendur. Þessi leið er einnig í samræmi við almenna viðskiptavenju þar sem neytendur velja sér smásöluaðila til að eiga viðskipti við með því að snúa sér beint til hans, en afla ekki viðskiptanna í gegnum birgja. Þá er ljóst að þetta er jafnframt sú leið sem Orkustofnun hefur talið heppilegri.
3. Eftirlitið saknar þess hins vegar að í reglugerðardrögunum er þess ekki freistað að skapa þess sem nefnt var þrautavaraviðskipti annan farveg en þann sem ákveðinn var með breytingum á reglugerðinni í maí síðastliðnum, sbr. reglugerð nr. 599/2022. Með þeim breytingum var komið á fyrirkomulagi sem er að mati Samkeppniseftirlitsins til þess fallið að ívilna rótgrónum og þ. á m. lóðrétt sambættum fyrirtækjum, á kostnað nýrra keppnauta sem freista þess að komast inn á markaðinn og skapa ný viðskiptatengsl við notendur.
4. Þá telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að við mótun reglugerðarinnar verði þess freistað að skapa hvata fyrir sem flesta notendur til þess að taka að nýju afstöðu til þess við hvaða söluaðila þeir eiga viðskipti. Þetta er einkum mikilvægt vegna þeirra brota dreifiveitna á reglugerð um raforkuviðskipti, sem Orkustofnun varpaði ljósi á í ákvörðunum sínum þann 21. mars 2019. Var þar tekin afstaða til kvartana þess efnis að dreifiveitur brytu reglur með því að setja alla nýja notendur rafmagns í sölu hjá því sölufyrirtæki sem væri eða hefði verið í eignatengslum við viðkomandi dreifiveitu, án þess að kanna vilja notendanna. Þá er þetta einnig brýnt í ljósi viðbragða orkufyrirtækjanna við ákvörðunum Orkustofnunar og reglugerð nr. 1150/2019, sem sett var í framhaldinu. Vegna framangreindra atvika hafa stjórnvöld orðið af tækifærum til að virkja aðhald neytenda og örva með því samkeppni. Í þessu sambandi telur eftirlitið m.a. koma til greina að hverjum og einum viðskiptavini verði formlega boðið að taka nýja ákvörðun um þjónustuveitanda og að staðfest verði samningssamband þeirra á milli.



5. Við frekari mótun á umgjörð raforkumarkaðar er brýnt að stjórnvöld skapi eftir föngum nýja hvata til samkeppni, dragi úr aðgangshindrunum og gæti þess að rótgrónum og e.a. lóðrétt samþættum fyrirtækjum á markaðinum sé ekki ívilnað á kostnað fyrirtækja sem freista þess að komast inn á markaðinn. Eru aðgerðir af þessu tagi mikilvægur liður í því að hraða orkuskiptum og öðrum aðgerðum til að bregðast við hlýnun jarðar.
6. Umsögn þessi er sett fram með vísan til c-liðar 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið mun í framhaldinu skila ráðuneytinu ítarlegri sjónarmiðum um framangreint og e.a. birta þau á heimasíðu sinn.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Steingrímur Ægisson